



Ægisgata 10, 101 Reykjavík s. 551 1395/821 1395.
Netfang: fornstofan@fornstofan.is www.fornstofan.is.

Reykjavík, 16. des. 2011.

Fornleifakönnun vegna deiliskipulagsvinnu við Hafnarvík Heppu á Höfn í Hornafirði

Að beiðni Hauks Inga Einarssonar, framkvæmdastjóra fjármála- og umhverfissviðs Sveitarfélagsins Hornafjörður, kannaði undirritaður hvort fornleifar kynnu að leynast á svæði því sem kannað var vegna deiliskipulagsvinnu á Höfn (sjá mynd 1).

Við vettvangskönnun þann 14. desember síðastliðinn fundust engar fornleifar á svæðinu. Allt svæðið er raskað af seinni tíma framkvæmdum sem einkum tengjast vegagerð, húsbyggingum og hafnarstarfsemi eða tengdum framkvæmdum. Þó kunna vel að vera óraskaðir blettir hér og hvar sem gætu ljóstrað upp um ýmis leyndarmál.

Leifar tveggja húsa teljast til fornleifa (eldri en 100 ára skv. þjóðminjalögum), en það eru grunnur Gömlubúðar (byggð 1897) og grunnur Nýjahúss/Vindheima, sem byggt var 1910. Einnig leikur mikill grunur á því að fornleifar leynist við hús Ottos Tuliniusar (Kaupmannshúsið) sem getið er hér að neðan, en það var einnig byggt 1897. Hversu miklar um sig þessar fornleifar kunna að vera er óvíst.

Í Sýslulýsingu frá árinu 1747, sem Sigurður Stephansson sýslumaður skrifaði, segir að víða sé hafskipum ekki óhætt að leggja „... *utann kinne ad skie vid Hornafiardaroos, huar I firre tijd, nær þijsker sigldu landed upp, var skipalega.*“ (Sýslulýsingar 1957).

Í lýsingu Kristians Kálunds, sem fyrst kom út árin 1882 segir svo um Hornafjörð: „*Frá því sumarið 1880 hefur Hornafjörður veri löggiltur verzlunarstaður. Lítil vík, sem kölluð er Höfn, er yzt á nesinu sem gengur fram úr Nessveitinni og skilur Hornafjörð og Skarðsfjörð. Þar sést ógreinilega til tófta, sem eiga að vera leifar af kaupmannabúðum frá þeim tíma er verzlunarskip eiga að hafa siglt inn gegnum Hornafjarðarós.*“ (Kálund 1986:58. Arnþór Gunnarsson 1997:49). Þessi staður mun hafa veri við Hafnarvík þar sem heitir Höfn. Bæði þessi örnefni Hafnarvík og Höfn eru eldri en kaupstaðurinn Höfn og sömuleiðis örnefnið Hafnarnes. Bæjarnafnið Hafnarnes kemur fyrir í Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar frá 1708-09 (Jarðabók 1918-20:19). Í Hafnarnesi mun hafa



Mynd 2. Horft yfir í hina gömlu Hafnarvík á Höfn. Lengst í burtu rétt vinstra megin við miðju, sést efri hluti Kaupmannshússins, sem byggt var 1897. Þar voru hleðslur sem gætu verið leifar verslunarbúða Þjóðverja. Fjaran hefur þá ekki verið langt undan. Hægra megin við miðju sést Pakkhúsið sem byggt var laust eftir 1930. (Horft mót NNA. Ljós. BFE).

Inni í húsi, rétt utan við könnunarsvæðið, austan við kartöflugeymsluna, austast á svæðinu, er brunnur og munnmæli um að þar hafi verið uppspretta. Hún gæti verið ástæða fyrir staðarvali þýskra á sínum tíma, en einnig gæti hún hafa laðað að íslenska sjómenn. Sunnan við Hafnaravíkina, í Óslandi, eru klettur sem samkvæmt örnefnaskrá heita Ferjuklettur og þar á að hafa sést járnhringur, sem nú mun vera kominn á kaf í uppfyllingu.

Farið var í gegnum örnefnaskrár, Sýslulýsingar frá 1744-1749, Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu, Sögu Hafnar í Hornafirði, Sýslu- og sóknarlýsingar og ýmsar aðrar heimildir (sjá heimildir hér að neðan).

Munnmæli um verslun Þjóðverja ber að taka mjög alvarlega og með hleðslurnar undir húsi Ottó Tuliniusar í huga og örnefnisins Hafnarvík verður að telja afar líklegt að minjar kunni að vera enn til staðar á svæðinu, þó yngri mannvirki frá byrjun 20. aldar hafi leikið þau grátt, jafnvel mjög grátt. Smávægileg mannvistarlög með leirtaui og krítarpípum getur til dæmis tekið af allan vafa um það hvort þýskir hafi verið með verslun í Hafnarvík, eða ekki. Ekki skiftir máli hve umfangsmikil sú verslun kann að hafa verið, það eitt að geta staðfest hana er mikilvægt fyrir þekkingu manna á verslun á Íslandi áður fyrr. Mjög líklegt er að erlendir verslunarmenn hafi farið víðar um Hornafjörðinn í verslunarhugleiðingum sínum og gat það bæði farið eftir aðstæðum í firðinum sjálfum og framboði og eftirspurn á varningi. Helst hafa menn sóst eftir skreið og lýsi, auk matvæla fyrir áhafnirnar.

Mælt er með því að ýrustu varúðar verði gætt þegar fyrirhugað jarðrask byrjar og fornleifafræðingur á staðnum eða kvaddur til um leið og eitthvað finnst og jafnframt að slíkt verði þegar tilkynnt til Fornleifaverndar ríkisins lögum samkvæmt.

Komi fornleifar í ljós við framkvæmdir er bent á 13. gr. Þjóðminjalaga, en þar er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt og hægt er.

Tengiliður verkkaupa var Haukur Ingi Einarsson framkvæmdastjóri fjármála- og umhverfissviðs Sveitarfélagsins Hornafjörður.

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar fyrir ýmsa hjálpsemi og aðstöðu á bókasafninu.

Bjarni F. Einarsson,
fornleifafræðingur.

Heimildir

Arnþór Gunnarsson. „„Kauptún, sem Höfn nefndist.“ Hugleiðingar um kaupskipakomur til Hornafjarðar á fyrstu 1000 árum Íslandsbyggðar.“ *Skaftafellingur. Þættir úr Austur-Skaftafellssýslu*. Ritst. Sigurður Björnsson. Höfn 1994.

Arnþór Gunnarsson. *Saga Hafnar í Hornafirði. Fyrri bindi. Aðdragandi búsetu og frumbýlisár*. Hornafirði 1997.

Áætlanir um varðveislu og uppbyggingu. Hafnarvík – Heppa Höfn í Hornafirði. R3-Ráðgjöf og Gláma-Kím Arkitektar. Reykjavík 2008.

Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu III. bindi. Reykjavík 1976.

<http://www2.hornafjordur.is/stjornsysla/upplýsingar/skipulag/ikynningu/nr/8795>

Sótt þann 12. des. 2011.

Íslenskt fornbréfasafn. XV bindi. Reykjavík 1947-50.

Jarðabók Ísleifs sýslumanns Einarssonar um Austur-Skaftafellssþing, er hann gerði 1708-1709 í umboði Árna Magnússonar. Jón Þorkelsson bjó til prentunar.

Blanda. Fróðleikur gamall og nýr. I. bindi. Reykjavík. 1918-1920. Bls. 1-38.

Kålund, Kristian P.E. *Íslenskir sögustaðir IV*. Austfirðingafjórðungur. Íslensk þýðing Haraldur Matthíasson. Reykjavík 1986.

Matthías Þórðarson. „Álaugarey.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1933-36*. Reykjavík 1936.

Sýslulýsingar 1744 – 1749. Reykjavík 1957.

Þjóðminjalög nr. 107, 20. maí 2001. Þingskjal 1490, 126.

Þorleifur Jónsson í Hólum. *Samgöngur og verzlunarhættir Austur-Skaftafellinga*. Reykjavík 1950.

Örnefnaskrá. Hafnarnes. Skrásetjari: Stefán Einarsson prófessor. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.